



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

Skipting eftirlaunaréttinda

Október 2021

- Heimilt er að skipta réttindum til eftirlauna á milli sjóðfélaga og maka, með þrennum hætti:
 - Lífeyrisgreiðslum er skipt
 - Áunnum lífeyrisréttindum er skipt
 - Framtíðarréttindum er skipt
- Skiptingin getur numið allt að 50% af eftirlaunaréttindum.
- Skipting réttindanna skal vera gagnkvæm. Ekki er hægt að skipta aðeins réttindum annars aðilans.
- Skiptingin tekur til þeirra réttinda sem áunnist hafa eða ávinnast á meðan á tilteknum hjúskap eða óvígðri sambúð hefur staðið eða stendur.

Hvenær

- Hægt að gera samning um skiptingu hvenær sem er.
- Samkomulagið kemur fyrst til framkvæmda eftir að annar eða báðir sjóðfélagar hefja töku eftirlauna.

Hvernig

- Greiðslur sjóðfélaga renna þá, allt að hálfu til maka eða fyrrverandi maka.
- Greiðslurnar falla niður við andlát sjóðfélagans.
- Ef maki eða fyrrverandi maki andast á undan sjóðfélaganum renna greiðslurnar eftir það óskiptar til sjóðfélagans.

Uppsögn

- Hvor samningsaðili fyrir sig getur sagt samningnum upp skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Kostir/gallar

- Greiðsluskipting getur t.d. verið hagstæð ef sjóðfélagi sem er með háan eftirlaunarétt fer á hjúkrunarheimili. Þar fer stór hluti eftirlaunanna til þátttöku í dvalarkostnaði en heima verður e.t.v. eftir maki með lægri eftirlaun að reka hús og heimili.

Hvenær

- Gera verður samninginn fyrir töku lífeyris og fyrir 65 ára aldur.
- Samninginn er ekki hægt að gera ef sjúkdómar og heilsufar draga úr lífslíkum.

Hvernig

- Heildarskuldbinding viðkomandi lífeyrissjóða skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélaga.
 - Sjóðfélagi lætur af hendi helming af réttindasjóði (ef kveðið er á um 50% skiptingu).
 - Ef sjóðfélagi er karl og maki kona, þá fær konan lægri réttindasjóð en sjóðfélagi lét af hendi því líkur eru á að hún lifi lengur.
 - Ef sjóðfélagi er kona og maki karl, þá fær karlinn hærri réttindasjóð en sjóðfélagi lét af hendi því líkur eru á að hann lifi skemur.
- Eftir skiptingu eru eftirlaunaréttindi hvors aðila sjálfstæð, andlát sjóðfélaga eða maka hefur engin áhrif á réttindi hins aðilans.

Riftun

- Samkomulag um skiptingu þegar áunninna réttinda verður ekki afturkallað nema allir viðkomandi lífeyrissjóðir samþykki að verða við sameiginlegri skriflegri beiðni frá sjóðfélaga og maka þess efnis.

Kostir/gallar

- Jafnar réttindi þeirra sem verið hafa á vinnumarkaði og þeirra sem hafa verið heimavinnandi.
- Tekjutenging TR gagnvart greiðslum frá lífeyrissjóðum getur flækt málið. Ef niðurstaða skiptingarinnar veldur því að greiðslur frá Tryggingastofnun dragast saman þá getur skiptingin haft neikvæð áhrif.

Hvenær

- Hægt er að gera samninginn hvenær sem er, hann tekur til framtíðariðgjalda.

Hvernig

- Frá iðgjöldum er dregin tryggingavernd sjóðfélaga, því ekki er verið að skipta áfallatryggingu, og framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð.
- Afgangurinn skiptist jafnt á milli sjóðfélaga og maka og myndar réttindasjóð hjá hvoru fyrir sig.
- Ef annar sjóðfélaginn er öryrki þá skiptist framreikningsiðgjald hans á sama hátt og ef um hefðbundið iðgjald er að ræða.

Riftun

- Hvor samningsaðili fyrir sig getur sagt samningnum upp skriflega, með þriggja mánaða fyrirvara.

Kostir/gallar

- Jafnar réttindi þeirra sem eru á vinnumarkaði og þeirra sem hafa verið heimavinnandi.
- Tekjutenging TR gagnvart greiðslum frá lífeyrissjóðum getur flækt málið. Ef niðurstaða skiptingarinnar veldur því að greiðslur frá Tryggingastofnun dragast saman þá getur skiptingin haft neikvæð áhrif.

Vegna allra tilvika


- Samning um skiptingu ellilífeyrisréttinda - sniðmát má finna á stapi.is (undir umsóknir) og lifeyrismal.is
- Hjúskaparsöguvottorði - gefið út af Þjóðskrá Íslands.
- Samningsaðilar skuldbinda sig til að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum um slit samnings.

Ef skipta á áunnum réttindum

- Heilbrigðisvottorð beggja aðila - sniðmát má finna á lifeyrismal.is

Ef skipta á framtíðarréttindum

- Samningsaðilar skuldbinda sig til að tilkynna lífeyrissjóðum, sem þeir hefja síðar iðgjaldagreiðslur til, um samninginn og afhenda þeim afrit eða ljósrit hans.



- Samningurinn felur ekki í sér skiptingu séreignar, enda er séreign erfanleg og rennur að 2/3 hluta til maka.
- Hægt er þó að semja sérstaklega um skiptingu séreignarsjóðs, á grundvelli samnings um gagnkvæma og jafna skiptingu réttinda.
- Skv. hjúskaparlögum kemur séreignarsparnaður til skiptingar á milli hjóna og er því hægt að skipta við skilnað.

- Mikilvægt er að hjón geri sér grein fyrir því í hverju skipting af þessu tagi er fólgin, áður en hún er ákveðin.
- Tekjutenging TR gagnvart greiðslum frá lífeyrissjóðum getur flækt málið. Óljóst er hvernig greiðslur frá Tryggingastofnunar verða í framtíðinni.
- Skiptingin tekur eingöngu til eftirlaunaréttinda og myndar ekki réttindi til áfallalífeyris hjá maka. Sá aðili sem fyrir var með hærri eftirlaunarétt stendur e.t.v. eftir með jafnan eftirlaunarétt á við maka sinn, en lægri makalífeyrisrétt.
- Réttindi í eldri deildum ríkis- og sveitarfélagastarfsmanna (hlutfallssjóðum) veita oft ríkulegan makalífeyrisrétt, þar sem makalífeyrir er greiddur ævilangt.